

## A 1718/præsídiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um  
**þingmannatillögu um aukið norrænt samstarf í Norður-Ameríku****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að láta fara fram greiningu á hvernig ríkisstjórnir Norðurlandanna og Norræna ráðherranefndin geti í auknum mæli nýtt þau gríðarlegu tækifæri sem felast í að jafn margir íbúar Norður-Ameríku og raun ber vitni finni til tengsla við Norðurlönd. Yrði meðal annars litið til atvinnulífs, ferðamennsku og menningarmála auk samstarfs um menntamál og rannsóknir.

að hún fjalli um Nordic Branding (Norrænt vörumerki) og sameiginlegar kynningar í ofanefndri greiningu og meti hvaða möguleikar búi í auknu og markvissu samstarfi sendiskrifstofa norrænu ríkjanna bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Einnig ber að meta tækifærin í hinum ýmsu félögum, stofnunum og áætlunum sem á ýmsan hátt beinast að samstarfinu og tengslunum milli Norður-Ameríku og norrænu landanna.

**Sjónarmið forsætisnefndar**

Leiðtogafundur Norðurlandanna og Bandaríkjanna í Hvíta húsinu árið 2016 var til marks um að Norðurlönd og Bandaríkin hafi sömu gildi og sömu sýn á lýðræði, fríverslun og samstarf. Norrænt samstarf á að vera hagnýtt. Við eigum með öðrum orðum að halda fram hinu norræna þegar það ber í sér virðisauka. Þegar Norðurlönd tala einni röddu geta þau haft mikil áhrif og oft ráðið úrslitum. Norðurlönd og norræna líkanið eru í miklu áliti og það má og á að hagnýta til að auka áhrif og forystu norrænu landanna enn frekar í alþjóðlegu tilliti.

Um 12 milljónir manna í Bandaríkjunum og Kanada skilgreina sig sem norrænnar ættar eða tæplega 4% íbúanna. Í þessu felast geysimikil tækifæri á mörgum sviðum til samstarfs og aukinna norrænna áhrifa í Norður-Ameríku. Norræna ráðherranefndin beitir sér nú þegar á allmörgum sviðum í Norður-Ameríku. Sem dæmi má nefna samstarfsverkefni í Quebeq í Kanada um rannsóknir, nýsköpun og menningu, svo að nokkuð sé nefnt, árvissa norræna daga í Washington, Nordic Days, vefgáttina Traces of North og samstarfið um opnunina á Nordic Museum í Seattle.

Skoðun forsætisnefndar er að margar góðar hugmyndir felist í upphaflegri



Þingmannatillögu flokkahóps jafnaðarmanna en hún leggur til nokkrar breytingar á tillöguliðunum til að tryggja víðari nálgun. Stefnumótandi úttekt með skýrt tilgreindum tilmælum til ríkisstjórna norrænu landanna og Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við Norður-Ameríku mun geta stuðlað að enn skilvirkari verkefnum og eflingu á því góða starfi sem þegar er unnið.

Hoel Gård, Noregur þann 27. júní 2018

*Bertel Haarder (V)*

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Christian Juhl (EL)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Hans Wallmark (M)*

*Henrik Dam Kristensen (S)*

*Martin Kolberg (A)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*

*Phia Andersson (S)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*

*Staffan Danielsson (C)*

*Wille Rydman (Saml)*